

7.mars 2008

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1703
komudagur. 7.3.2008

Félags- og tryggingarmálanefnd

Hér sendist umsögn Grímsnes- og Grafningshrepps um umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga og þær breytingar sem hafa orðið á frumvarpi um frístundabyggðir frá því að við skiluðum okkar umsögn til nefndarinnar fyrr í verur.

Eftirfarandi var bókað á fundi sveitarstjórnar þann 6. mars. sl.

14. Umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga við frumvarp til laga um frístundabyggð.

Lögð fram umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga við frumvarp til laga um frístundabyggð. Sveitarstjórn tekur undir umsögnina en bendir þó sérstaklega á að ákvæði 11. og 12. gr. frumvarpsins um einhliða rétt leigutaka til að framlengja leigusamning eru mjög ósanngjörn gagnvart landeigendum og þeim samningum sem nú þegar kunna að liggja fyrir og kveða á um framlengingu leigusamninga. Telur sveitarstjórn vafasamt að þessi ákvæði standist ákvæði annarra laga og ákvæði stjórnarskrár um vernd eignarréttar. Þá telur sveitarstjórn að vandséður sé tilgangur og hlutverk kærunefndar frístundabyggðamála þar sem þegar séu næg úrræði til að leysa ágreiningsmál innan stjórnarsýslunnar og eftir atvikum fyrir dómstólum.

Með bestu kveðju,
Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri
Grímsnes- og Grafningshreppi